

34

8. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa árið 1906.

Tekjur.

1.	Í sjóði við ársbyrjun	kr.	5834 63
2.	Vextir:		
	a. Af Söfnunarsjóðsinnlagi	kr.	216 80
	b. Af sparisjóðsinnlagi	—	15 56
			<hr/>
			232 36
3.	Árstillög fjelagsmanna	—	210 00
4.	Gjafir	—	25 00
			<hr/>
		kr.	6301 99

Gjöld.

1.	Fyrir auglýsing	kr.	3 96
2.	Styrkur veittur	—	310 00
3.	Í sjóði við árslok	—	5988 03
			<hr/>
		kr.	6301 99

Reykjavík 8. jan. 1907.

Pjetur Þórðarson.

35

2. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1906.

Tekjur.

1.	Sjóður við ársbyrjun:		
	a. Veðskuldabréf	kr.	2670 00
	b. Bankavaxtabréf	—	11000 00
	c. Í sparisjóði	—	289 85
			<hr/>
		kr.	13959 85
			Flytkr. 13959 85

Fluttar kr. 13959 85 **35**

2. Vextir:

a. Af skuldabréfum	kr.	106 80	
b. Af bankavaxtabréfum	—	495 00	
c. Í sparisjóði	—	17 37	
			— 619 17
			kr. 14579 02

Gjöld:

1. Veittur styrkur	kr.	530 00	
2. Sjóður við árslok			
a. Veðskuldabréf	kr.	2670 00	
b. Bankavaxtabréf	—	11000 00	
c. Í sparisjóði	—	379 02	
			— 14049 02
			kr. 14579 02

Bæjarfógetinn í Reykjavík 2. janúar 1907.

*Halldór Danielsson.***Auglýsing**

um

bólusótt í Dunkerque á Frakklandi.

Samkvæmt símskeyti frá utanríkisstjórnarráðinu danska gjörir bólusótt vart við sig til muna í Dunkerque á Frakklandi um þessar mundir.

Því auglýsist hjermeð að tjeðan bæ ber að skoða sem sýktan af nefndum sjúkdómi. Ákvæðum laga nr. 34, frá 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verður því nú beitt að því er snertir þennan bæ.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá bænum Dunkerque á Frakklandi brúkað lín, fót og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökraull, pappirsafklippur, hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 9. marz 1907.

H. Hafstein.*Jón Magnússon.*